

Föstudaginn 30. janúar 1987.

Nr. 308/1986. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Guðmundi Bjarnasyni**

(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Fjársvik. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. október 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að undanskildu ákvæði dóms um skaðabætur.

Af hálfu ákærvalds er eigi krafist endurskoðunar á bótaákvæði héraðsdóms en af hálfu ákærða er bótakröfu Hinriks Erlingssonar mótmælt sem of hárrí.

Krafan er að verulegu leyti reist á atriðum sem eru utan ákæruefnis í máli þessu, og er ekki sérgreind krafa um bætur fyrir tjón af háttsemi þeirri sem ákærði er borinn, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974 sbr. 29. gr. laga nr. 107/1976. Þá kemur fram að ákærði afhenti Hinrik myndbandstæki og skilaði aftur bifreiðinni R-59016, og kemur til álita hvort verðmæti þeirra eigi að koma til frádráttar í skuldaskiptum þeirra í heild eða til frádráttar þeim hluta kröfunnar sem rakinn verði til ákæruefnisins. Samkvæmt þessu þykir eigi verða dæmt um kröfu Hinriks í þessu máli og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greint er í dómsorði.

### **D ó m s o r ð:**

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Guðmundar Bjarnasonar, og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Kröfu Hinriks Erlingssonar er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Gunnars Zoëga hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. ágúst 1986.

Ár 1986, föstudaginn 8. ágúst er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúnu 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 398/1986: Ákærvaldið gegn Guðmundi Bjarnasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. maí 1986 á hendur Guðmundi Bjarnasyni framkvæmdastjóra, Þórufelli 18, Reykjavík, fæddum 29. nóvember 1952 þar í borg, „fyrir fjársvik, með því að hafa við sölu bifreiðarinnar R-72725, BMW 316 árgerð 1978, til Hinriks Erlingssonar, Kambaseli 39, Reykjavík, þann 7. (sic) júlí 1985, talið kaupandanum ranglega trú um, að veð sem hvíldi á bifreiðinni samkvæmt aðfarargjörð, dagsettri 27. mars 1985, að fjárhæð kr. 38.548,00, væri að fullu uppgert og aflétt, og með þeirri blekkingu fengið kaupandann til að inna af hendi kaupverð bifreiðarinnar kr. 190.000,00 að fullu. Kaupandinn varð síðar að greiða veðkröfuna til að koma í veg fyrir það, að bifreiðin væri seld á nauðungaruppboði.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og alls sakarkostnaðar.“

#### *Málavextir.*

Laugardaginn 6. júlí 1985 seldi ákærði Hinriki Erlingssyni, Kambaseli 39 hér í borg bifreiðina R-72725. Kaupverðið greiddi Hinrik með annarri bifreið, sem metin var á 100.000 krónur, og 80.000 krónum í peningum og vixli pr. 6. ágúst 1985 að fjárhæð 10.000 krónur. Í afsali ákærða fyrir bifreiðinni segir m.a. „Á bifreiðinni hvíla engar veðskuldir né önnur eignabönd samkvæmt veðbókarvottorði, sem liggur frammi við afsal.“

Samkvæmt veðbókarvottorði var gert fjárnám í bifreiðinni 27. mars 1985 fyrir 38.548 króna skuld við Kristin Guðnason hf.

Vitnið Hinrik Erlingsson hefur skýrt frá því, að honum hafi verið kunnugt um fjárnámsveðið í bifreiðinni áður en af kaupunum varð og hafi hann forvitnast um skuldina hjá Árna Einarssyni lögmanni, sem hefði látið gera fjárnámið. Árni hafi sagt vitninu að hann væri með tékka frá ákærða

fyrir skuldinni. Þetta hafi líklega verið fimmtudaginn 4. júlí. Árni hafi ráðlagt vitninu að biða með að kaupa bifreiðina.

Vitnið kveðst svo hafa farið heim til ákærða laugardaginn 6. júlí, eins og um hefði talast með þeim ákærða og hefðu þeir gengið þar frá kaupunum og vitnið tekið við bifreiðinni. Vitnið kveðst áður hafa spurt ákærða að því hvort nokkurt veð hvíldi á bifreiðinni og hefði ákærði fullvissað sig um að svo væri ekki. Skildi vitnið ákærða þannig að hann væri búinn að greiða veðskuldina og spurði ákærða ekkert nánar út í það, enda taldi vitnið að úr því að lögmaðurinn væri með tækka frá ákærða mætti treysta því að veðskuldin yrði greidd.

Vitnið kveðst svo hafa fengið að vita í vikunni á eftir að tékkinn hefði reynst innistæðulaus, enda hefði reikningnum verið lokað fyrir löngu. Myndi Árni Einarsson, lögmaður láta taka bifreiðina af vitninu ef skuldin yrði ekki greidd í síðasta lagi 10. næsta mánaðar. Vitnið kveðst strax hafa haft samband við ákærða og oft síðan, og hefði hann ætíð lofað að greiða skuldina svo að skuldin félli ekki á vitnið, en ákærði ekki staðið við það. Vitnið kveðst hafa krafist ákærða um tryggingu ef svo færi að vitnið yrði að greiða veðskuldina. Hefði ákærði þá afhent sér vídeótæki. Í desembermánuði hefði bifreiðin verið tekin úr umráðum vitnisins og sett á uppboð en þá hefði verið greitt inn á skuldina fyrir vitnið sem var erlendis. Vitnið kveðst þá hafa fengið bifreiðina í hendur.

Vitnið segir að ákærði hafi lofað að láta umskrá bifreiðina en látið það undir höfuð leggjast þangað til 5. desember þetta ár. Hefðu þá verið komin fleiri fjárnámsveð á bifreiðina vegna skulda ákærða. Kveðst vitnið hafa neyðst til þess að selja bifreiðina fyrir þessum skuldum og hefði söluandvirðið ekki hrokkið til þess að greiða þær.

Ákærði skýrði svo frá hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að hann hefði við sölu bifreiðar sinnar til Hinriks Erlingssonar fyrrgreindan laugardag skýrt honum frá því að á bifreiðinni hvíldi fjárnámsskuld og að hann myndi afletta veðbandinu þegar næsta mánudag. Vegna fjárskorts hafi það þó farist fyrir.

Hér fyrir dómi hvarf ákærði frá fyrri framburði sínum í málinu og kvaðst ekki hafa vitað af fjárnáminu í bifreiðinni þegar hann seldi Hinriki hana. Ákærði sagði þó, þegar hann var minntur á framburð sinn hjá lögreglu, að verið gæti að sú frásögn væri rétt. Vegna þess hve langt væri um liðið gæti hann ekkert fullyrt um það. Þá sagði ákærði að vegna kæruleysis síns hefði hann ekki hirt um að breyta hinu prentaða ákvæði afsalsins um að ekki hvíldu veðbönd á bifreiðinni.

Eftir sampröfun við vitnið Hinrik og þegar vakin var sérstök athygli ákærða á kvittun fyrir greiðslu skuldarinnar, dagsettri 27. júní 1985, varð framburður hans afdráttarlaus í þá veru að hann hefði ekki vitað um fjár-

námið í bifreiðinni og beiðni um uppboð á henni þegar hann seldi hana Hinriki Erlingssyni, heldur hafi hann álitnið að fjárnámið hefði verið gert í íbúð hans og að bjóða ætti íbúðina upp.

Bæjarfógetinn í Kópavogi ritaði ákærða bréf daginn eftir fjárnámið og tilkynnti honum um það og brýndi jafnframt fyrir honum að honum væri óheimilt að ráðstafa bifreiðinni svo að í bága færi við fjárnámið. Bréf þetta var sent ákærða í ábyrgðarpósti og vitjaði hann þess sjálfur á pósthúsið 2. apríl 1985. Ákærði hefur samt staðfastlega neitað því hér í réttinum að hafa vitað um fjárnámið.

Vitnið Árni Einarsson héraðsdómslögmaður hefur skýrt frá því að fjárnám hafi verið gert í bifreið ákærða að kröfu hans og síðan hafi verið krafist uppboðs á bifreiðinni. Vegna þess hafi bifreiðin verið tekin með fógetavaldi úr vörslum ákærða. Daginn sem uppboðið átti að fara fram, það er 27. júní 1985, hafi ákærði komið til vitnisins og greitt uppboðsskuldina með innistæðulausum tækka á lokaðan reikning.

Meðal gagna málsins er veðbókavottorð um bifreiðina dagsett 9. janúar 1986 og hvíldi þá fjárnámið enn á bifreiðinni.

Hinrik Erlingsson hefur gert svofellða bótakröfu á hendur ákærða. „Er þess krafist að ákærði Guðmundur greiði kr. 203.182,00 með 3,75% drv. á mán. af kr. 39.425,00 frá 12.12. 1985 til 10.2. 1986, en af kr. 157.648,00 frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. á mán. frá þ.d. til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. á mán. frá þ.d. til 29.4. 1986, en af kr. 183.182,00 frá þ.d. til 27.5. 1986, en af kr. 203.182,00 frá þ.d. til greiðsludags; allt að frádreginni innborgun hinn 15.7. 1985 kr. 13.000,00 og kr. 11.255,00 hinn 13.2. 1986.

Við er til meðfylgjandi sundurliðunar á fjártjóni mínu, en vegna þess skal eftirfarandi tekið fram:

Er bifreiðin R-59016 var tekin til baka var hún í mjög slæmu ástandi, og eru lagðar fram kvittanir viðgerðaraðila þar að lútandi. Bifreiðin var síðan seld á kr. 70.000,00 og eru frá þeirri fjárhæð greiddar kr. 4.000,00 í sölulaun.

Varðandi liðinn „Bætur fyrir óþægindi“ o.fl. skal á það bent að semja þurfti við lögmann, leysa bifreiðina frá Vöku hf., annast greiðslur o.fl. Slíkt hafði í för með sér mikla vinnu og óþægindi sem krafist er hæfilegra bóta fyrir.

1. *Áhvílandi veðskuldir:*

a) *Lögmenn Suðurlandsbraut*

Árni Einarsson hdl. dags. 12/12 '85 kr. 37.125,00

Vaka, vörslusvipt. kostn. kr. 2.300,00

b) *Lögmenn Ármúla 10/2 '86* kr. 118.223,00

c) *Lögmenn Suðurlandsbr.*

Árni Einarsson hdl. dags. 29/4 '86		25.534,00
2. <i>Bætur f. óþægindi, vinnutap o.fl.</i>		
kostnaður vegna áhvilandi		
veðskulda, ferðir til lögmanna o.fl.	kr.	20.000,00
	kr.	203.182,00
3. <i>Til frádráttar:</i>		
15/7 '85 vídeótæki	kr.	13.000,00
13/2 '86 bifr. Volvo R-59016 tekin		
til baka,	kr.	70.000,00
ásamt bílsegulbandi	kr.	7.000,00
		<u>90.000,00</u>
Endursölulaun	÷ kr.	4.000,00
Eftirfarandi viðgerða var þörf		
vegna notkunar kærða á bifr. þar		
til henni var skilað		
- Bifreiðastilling		
Smíðjuvegi 40	÷ kr.	45.448,00
- Veltir hf.	÷ kr.	16.297,40
		<u>kr. 24.255,00</u>
		kr. 178.927,00''

### *Niðurstaða.*

Telja verður sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, með framburði vitnanna Hinriks Erlingssonar og Árna Einarssonar og gögnum málsins að ákærði hafi við sölu bifreiðarinnar R-72725 ranglega talið Hinriki Erlingssyni trú um að fjárnámsveð, sem honum hlaut að vera kunnugt um að hvíldi á bifreiðinni, að fjárhæð kr. 38.548,00, væri uppgert og aflétt, og þannig fengið Hinrik til þess að greiða bifreiðarverðið að fullu.

Hefur ákærði með þessu brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Dómarinn litur svo á að ákærði hafi við kaupin haft af Hinriki 38.548 krónur og að ekki sé unnt í opinbera málinu að dæma honum bætur á grundvelli annarra málsástæðna. Verður að líta svo á að fjárhæð þessi felist í 1. tl. yfirlitsins með bótakröfunni. Ennfremur verður að skilja kröfuna þannig, að krafist sé dráttarvaxta frá 12. desember 1985 til greiðsludags. Ber því að dæma ákærða til þess að greiða Hinriki Erlingssyni 38.548 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 12. desember 1985 til greiðsludags. Að öðru leyti er bótakröfunni vísað frá dómi.

*Viðurlög.*

Ákærði er eins og áður segir fæddur 29. nóvember 1952. Árið 1968 var frestað ákæru á hendur honum fyrir þjófnað og nytjatöku og árið 1972 var hann dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað. Ennfremur hefur hann tvisvar gengist undir sektargreiðslu með dómsáttum fyrir umferðarlagabrot, þ.e. 1973 og 1974.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Fresta ber þó fullnustu 2 mánaða af refsingunni og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Við refsíákvörðunina er höfð hliðsjón af því að ákærði hefur ekki bætt tjón af broti sínu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða Hinriki Erlingssyni 38.548 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 12. desember 1985 til greiðsludags, eins og Seðlabanki auglýsir þá á hverjum tíma.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað af málinu.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Bjarnason, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fullnustu 2 mánaða af refsingunni skal þó fresta og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Hinriki Erlingssyni 38.548 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, frá 12. desember 1985 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.